

Priðjudaginn 16. október 1990.

Nr. 348/1988. **Stefán Þengilsson**

(Ásmundur Jóhannsson hdl.)

gegn

**uppbóðshaldaranum á Akureyri,**

**Tryggva Pálssyni,**

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,**

**Iðnlánasjóði og**

**Landsbanka Íslands**

(Gunnar Sólmes hrl.).

Uppboð. Ómerking.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júlí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppbóð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Er málið skyldi þingfest hinn 3. október 1988, var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda, og var málinu áfrýjað að nýju með stefnu 27. október 1988.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að nauðungaruppbóð, sem fram fór á húseigninni Kaupangi, A-hluta, Akureyri, hinn 11. maí 1988, verði fellt úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu Landsbanka Íslands, Iðnlánasjóðs og Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Stefndu Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður krefjast staðfestingar hins áfrýjaða uppbóðs og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu Sjóvá-Almennra trygginga hf., uppbóðshaldarans á Akureyri og Tryggva Pálssonar var ekki mætt fyrir Hæstarétti og engar kröfur hafðar uppi.

### **I.**

Hinn 18. ágúst 1987 krafðist Ásgeir Thoroddsen, þá héraðsdómslögmaður, f.h. Lögheimtunnar hf., að fasteignin Kaupangur við

Mýrarveg, A-hluti, Akureyri, yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar á skuld „samkvæmt meðfylgjandi endurriti úr fógetabók“ og áfallandi kostnaði og dráttarvöxtum, samtals að fjárhæð 913.111 krónur. Eignin var þinglesin eign stefnda Tryggva Pálssonar, en fram er komið, að eigandi hennar samkvæmt „bráðabirgðakaupsamningi“ 1. janúar 1987 var áfrýjandi máls þessa. Uppboðsbeiðni þessari fylgdi ekki endurrit úr fógetabók sem uppboðsheimild, heldur veðskuldabréf, dagsett 28. júlí 1986, að fjárhæð 810.000 krónur, þar sem stefndi Tryggvi veðsetti Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. fasteign sína, Kaupang við Mýrarveg, A-hluta, með 5. veðrétti.

Stefnda Tryggva Pálssyni var tilkynnt um uppboðsbeiðni þessa með tilkynningu bæjarfógetans á Akureyri 21. ágúst 1987, þar sem fram kom, að uppboðið myndi hefjast á skrifstofu uppboðshaldarans 20. nóvember 1987 kl. 10.00. Þá kom þar og fram, að auglýsing yrði send Lögbirtingablaði eigi síðar en 18. september 1987.

Hinn 5. október 1987 krafðist bæjargjaldkerinn á Akureyri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar uppboðs á framangreindri eign til lúkningar á fasteignagjaldaskuld, að fjárhæð 33.505 krónur.

Þá krafðist Iðnlánasjóður hinn 7. nóvember 1987 uppboðs á framangreindri fasteign til lúkningar á skuld samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu af Smára hf. 21. júlí 1977, að eftirstöðvum 45.565,84 krónur, tryggðu með 3. veðrétti í Kaupangi, A-hluta, og með 2. veðrétti í Kaupangi, H-hluta, auk verðbóta, vaxta og kostnaðar.

Stefnda Tryggva Pálssyni var tilkynnt um uppboðsbeiðnir bæjarsjóðs Akureyrar og Iðnlánasjóðs með bréfum bæjarfógetans á Akureyri 16. nóvember 1987.

## II.

Svo sem að framan er getið, krafðist bæjarsjóður Akureyrar uppboðs á ofangreindri eign til lúkningar á fasteignagjaldaskuld hinn 5. október 1987. Fram kemur í gögnum málsins, að þessi kröfuhafi afturkallaði beiðni sína hinn 8. apríl 1988.

Í uppboðsbeiðni Ásgeirs Thoroddsens f.h. Lögheimtunnar hf. er krafist sölu á ofangreindri eign „til lúkningar skuld samkvæmt meðfylgjandi endurriti úr fógetabók“. Tilgreind uppboðsheimild fylgdi ekki uppboðsbeiðninni, heldur veðskuldabréf, útgefið til

Sjóváttryggingafélags Íslands hf., sem var í engu samræmi við lýsingu í uppboðsbeiðni. Á grundvelli þessarar uppboðsbeiðni einnar var uppboðsauglýsing birt í Lögbirtingablaði.

Samkvæmt 6. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 skal í uppboðsbeiðni gera grein fyrir uppboðsheimild og láta þau skjöl fylgja, er sanna hana. Umrædd uppboðsbeiðni fullnægði ekki þessu lagaskilyrði og var með slíkum annmörkum samkvæmt framan-sögðu, að hún var ekki tæk til meðferðar í uppboðsrétti. Bar uppboðshaldara því að hafna henni eða hlutast til um, að úr yrði bætt, sem ekki var gert.

Að svo vöxnu máli verður ekki hjá því komist að fella hina áfrýjuðu uppboðsgerð úr gildi ex officio.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð er felld úr gildi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

---